

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanavinna

Tilraunaverkefni ÍTR

Frístundakortið



Ásdís Ásbjörnsdóttir
Bragi Þór Bjarnason
Jóhanna Garðarsdóttir
Sólveig Valgeirsdóttir

Inngangur

Undirbúningur og framkvæmd tilraunaverkefna ÍTR var með þeim hætti að í febrúar var fjármálastjóri Reykjavíkur með kynningu á hugmyndafræði KFS fyrir fagråd ÍTR. Í kjölfarið fól framkvæmdastjóri ÍTR fjármálastjóra ÍTR og mannauðsráðgjafa ÍTR að koma með tillögur að mögulegum tilraunaverkefnum. Tillögurnar voru lagðar fyrir ráðið til umfjöllunar á starfsdegi í apríl. Fagráðið valdi í kjölfarið tvö tilraunaverkefni annað þeirra var að skoða aldursskipta þátttöku barna og unglunga í íþrótt- og æskulýðsstarfi út frá skráningu í frístundakortið árið 2011. Við vinnslu verkefnisins var ákveðið að skoða jafnframt úthlutun fjármagns til íþrótt- og æskulýðsstarfsemi árið 2011 þannig að hægt væri að skoða hvernig fjármagninu væri úthlutað miðað við þátttöku kynja. Áréttað skal að fjármagn eða þeir styrkir sem Reykjavíkurborg veitir til íþrótt- og æskulýðsstarfs eru óháðir aldri og kyni. Styrkir borgarinnar eru ýmist eða bæði í formi aðstöðu fyrir íþróttastarf, launa vegna íþróttafulltrúa félaga og reksturs skrifstofu. Auk þess eru veittir styrkir til framkvæmda.

Starfsteymi verkefnisins var skipað Ásdísi Ásbjörnsdóttir mannauðsráðgjafa, Braga Þór Bjarnasyni fjármálastjóra, Jóhönnu Garðarsdóttur forstöðumanni tæknimála og Sólveigu Valgeirsdóttur forstöðumanni Breiðholtslaugar. Eigandi verkefnisins var Eva Einarisdóttir formaður fagráðs ÍTR og ábyrgðarmaður Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR.

Almenn markmið

Markmið verkefnisins var að greina þátttöku barna í íþrótt- og æskulýðsstarfi árið 2011. Þátttaka var greind eftir kyni, aldri og greinum/viðfangsefnum.

Jafnréttismarkmið verkefnis

Við úthlutun fjármagns þarf að taka mið af þörfum beggja kynja og greina áhrif ákvarðana á stöðu þeirra. Jafnréttismarkmiðið var að skoða hvernig fjármagni væri úthlutað í íþrótt- og æskulýðsstarf miðað við þátttöku kynja og bregðast við ef hallar á annað kynið samanber 23. gr laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram með þeim hætti að skoðuð var aldursskipt þátttaka kynja í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi hjá þeim íþrótt- og æskulýðsfélögum sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg miðað við skráningu í frístundakortið 2011. Aldursskiptingin var 6-9 ára, 10-12 ára, 13-16 ára og 17-18 ára. Tekið var saman yfirlit yfir greidda rekstrar-, bygginga- og húsaleigustyrki 2011.

Niðurstöður

Hafa ber í huga að þátttaka í frístundakortinu miðast við aldurinn 6-18 ára en hluti af rekstar-, bygginga- og húsaleigustyrkjum Reykjavíkurborgar til íþróttafélaga eru óháðir aldri. Brýnt er að skoða niðurstöður út frá þeim annmörkum. Engu að síður gefa niðurstöðurnar marktækar upplýsingar um þátttöku barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára í íþrotta- og æskulýðsstarfi.

- Þegar iðkendatölur eru teknar saman kemur í ljós að mikill munur er á þátttöku kynja bæði hvað varðar skráningu í heild sem og einstakar greinar.
 - Fjöldi drengja í skipulögðu starfi sem styrkt er af Reykjavíkurborg er 33% meiri en stúlkna (9.376 KK og 7.034 KVK).
 - Drengir á aldursbilinu 6- 18 ára stunda fleiri íþróttagreinar en stúlkur.
 - Brottfall er mismunandi milli greina og milli kynja. Það er erfitt að túlka slíkar niðurstöður út frá skráningum á einu ári.

Deild	KK				KK Total	KVK				KVK Total	Samtals
	6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	16-18 ára		6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	16-18 ára		
Badmintondeild	131	238	78	38	485	112	228	69	18	427	912
Bogfimdeild	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	1
Boltaíþróttir	1.943	1.632	1.137	624	5.336	705	1.013	694	297	2.709	8.045
Borðtennisdeild	16	24	17	1	58	11	14	0	0	25	83
Dansdeild	2	4	5	3	14	27	21	6	6	60	74
Fimleikadeild	399	157	96	42	694	1.112	320	183	69	1.684	2.378
Frjálsiþróttadeild	128	94	55	30	307	108	123	65	30	326	633
Sjálfsvarnariþróttir	475	286	210	104	1.075	136	105	65	58	364	1.439
Golfdeild	10	49	96	76	231	5	7	16	10	38	269
Hafnaboltadeild	4	3	6	6	19	1	0	0	1	2	21
Skautaiþróttir	50	49	54	31	184	161	119	74	44	398	582
Íþróttir fatlaðra	6	10	6	8	30	5	2	5	9	21	51
Keiludeild	7	19	18	9	53	4	9	8	2	23	76
Klifurdeild	4	10	12	4	30	3	4	5	0	12	42
Kraftlyftingadeild	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	1
Skátadeild	105	174	94	60	433	105	202	101	32	440	873
Skíðadeild	19	16	12	10	57	26	19	15	6	66	123
Skyllingadeild	21	24	12	7	64	4	9	4	4	21	85
Sunddeild	195	76	32	13	316	247	105	43	18	413	729
Tennisdeild	0	1	4	4	9	2	1	2	5	14	
Samtals	3.515	2.866	1.944	1.072	9.397	2.772	2.302	1.354	606	7.034	16.431
Heildarfjöldi í aldurshóp	2.831	2.079	2.184	2.431	2.723	2.082	2.101	2.347			

- Boltaíþróttir skera sig úr varðandi fjölda þátttakenda. Knattspyrna er með lang flesta þátttakendur.

Sum of Fjöldi	Fjöldi iðkenda				KK Total	KVK				KVK Total	Samtals
	6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	16-18 ára		6-9 ára	10-12 ára	13-15 ára	16-18 ára		
Blakdeild	1	3	3	0	7	5	22	3	0	30	37
Handknattleiksdeild	322	485	339	181	1.327	194	368	311	128	1.001	2.328
Knattspyrnudeild	1.381	932	640	337	3.290	420	454	324	143	1.341	4.631
Körfuknattleiksdeild	239	212	155	106	712	86	169	56	26	337	1.049
Samtals	1.943	1.632	1.137	624	5.336	705	1.013	694	297	2.709	8.045

2. Þegar heildarupphæð styrkveitinga eru bornar saman við iðkendatölur fyrir aldurshópin 6-18 ára kemur í ljós að ekki er munur á styrkveitingum eftir kyni (sjá töflu).

Styrkir til skoðunar	2.003.320			
	Fjöldi iðkenda	Reiknaður hluti	Raungreiðslur	Frávik
Strákar	9.376	1.144.755	1.135.161	-0,8%
Stúlkur	7.032	858.566	868.159	1,1%

Þessar gögn eru einungis miðuð við árið 2011. Nauðsynlegt er að greina gögn yfir fleiri ár til að draga ályktanir um hvort um kyngreindan mun sé að ræða í styrkveitingum til íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Álitaefni

Áhugavert að skoða gögn yfir lengra tímabil, það eru til samanburðarhæf gögn frá 2008. Með því væri hægt að greina brottfall úr greinum. Hugsanlega þyrfti að bæta aðstöðu þar sem mikið brottfall er.

Jafnvel má draga þá ályktun að mikill fjöldi þátttakenda í boltaíþróttum stafi af betri aðstöðu en í mörgum öðrum greinum.

Hafa þarf í huga að styrkveitingar Reykjavíkurborgar eru hugsaðar fyrir alla almenna iðkendur í íþrótt- og æskulýðsfélögum en skráning í frístundakortið tekur einungis til aldurshópsins 6-18 ára.

Greiningin byggir á skráningu í frístundakortið sem endurspeglar ekki endilega alla þátttöku almennings (18+) í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Einnig þarf að skoða þátttöku barna og unglunga í öðru skipulögðu starfi svo sem í lista- og menningarstarfi sem einnig er styrkt af borginni.

Lagt er til að unnin verði greining á gögnum frá árinu 2008 til 2012.

Vangaveltur

- Breytingar á þátttöku í fimleikum, fækkun eftir 6-9 ára vekur upp spurningar hvort um sé að ræða brottfall eða skil í aðrar greinar. Skoða þarf lengra tímabil til samanburðar.
- Það er áberandi hvað strákar eru fjölmennir í knattspyrnu á aldursbilinu 6-9 ára en fækkar hratt þegar þeir eldast. Skoða þarf lengra tímabil til samanburðar.
- Það felast tækifæri í því að skoða hvort að hægt sé að jafna fjármagni á milli greina svo aðstöðuleysi hamli ekki þátttöku.
- Greina þyrfti skiptingu fjármagns innan félaga í innra starf og kostnað við mannvirki og bera saman við kyngreindar þáttökutölur
- Samkeyra þyrfti gögn úr Felixkerfi ÍSÍ og frístundakortsins til að meta þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi.



Reykjavík 20. september 2012

Eva Einarsdóttir formaður ÍTR

Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR

Starfsteymi:
